



Fréttaskot ASPAR



Mars 2018

Ábm ÓÍ Ó



Þessi voru á Nýársundmóti ÍF 2018



Vinkonur á Jólamóti Aspar



Boccia Jólamót Aspar í nýja íþróttahúsi Klettaskóla



Á jólakaffi Aspar voru afhent verðlaun



Kept er í mörgum íþróttagreinum á jólamóti Asparinnar. Lionsklúbburinn Muninn hefur gefið verðlaunin á þessum móttum í mörg ár.



Æfingar eru byrjaðar í nútíma fimleikum í Klettaskóla

Íslandsmótið í Boccia verður haldið 14. og 15. apríl í Laugardalshöll. Okkur vantar því dómara og aðstoðarfólk sem getur lagt okkur lið. Þeir sem geta aðstoðað okkur vinsamlegast látið vita á netfang olliks@simnet.is

Vörur til sölu á skrifstofu Aspar
Sundhettur með merki Aspar 2000,- kr
Baðhandklæði með merki Aspar 2000,- kr
Buff 2000,-

Skrifstofan er opin 15:00 -17:00 á
fimmtudögum

132 132 132 132

Getraunanúmer Aspar er 132 ef þið tippið í getraunum, þá ættuð þið að nota þetta félagsnúmer á getraunaseðla.



2 gull komin í hús



Glaður hópur úr Ösp í Malmö

Íþróttafélagið Ösp fékk Grasrótarverðlaun KSÍ

Íþróttafélagið Ösp hefur verið leiðandi í knattspyrnu fatlaðra hér á landi undanfarin ár. Blómstrandi knattspyrna er í boði fyrir fatlaða einstaklinga undir handleiðslu Darra McMahon, knattspyrnuþjálfara og framkvæmdastjóra félagsins.

Öspin hefur undanfarin ár átt lang flest lið á Íslandsleikum Special Olympics og í september 2017 stóð Íþróttafélagið Ösp að fyrstu alþjóðlegu leikum fatlaðra í knattspyrnu hér á landi, í samstarfi við Íþróttasamband fatlaðra og Knattspyrnusambands Íslands. Þátttakendur frá Færeyjum og Eyjunni Mön komu hingað til lands og öttu kappi við íslensk lið en mótið fór fram í Egilshöll í Reykjavík. Darri McMahon hefur auk þess verið þjálfari knattspyrnuliðs Íslands á alþjóða vettvangi, tvisvar á Heimsleika Special Olympics og tvisvar á Evrópuleika, og hefur unnið mikið og óeigingjarnt starf fyrir knattspyrnu fatlaðra hér á landi. Útbreiðslunefnd KSÍ telur því engan vafa vera á því að Íþróttafélagið Ösp sé einkar vel að þessari viðurkenningu komið.

Ólafur Ólafsson formaður Aspar og Darri McMahon þjálfari taka á móti Grasrótar verðlaunum KSÍ



Íþróttafélagið Ösp skautadeild er orðið aðili að Skautasambandi Íslands (ÍSS) og tók þátt í Vetrarmóti ÍSS 2018 með 13 keppendum

Nýtt skráningarkerfi Aspar – Nóri vegna æfingagjalda

Skráningar í gegnum Nóri skráningarkerfið:

- Allir iðkendur / þátttakendur verða að vera skráðir í skráningarkerfi Nórans í gegnum Öspina héðan í frá svo þeir séu taldir formlega skráðir í viðkomandi grein/námskeið.
- Skráningar í gegnum Nóra-kerfið eiga undir venjulegum kringustæðum að vera gerðar í byrjun annar rétt áður en námskeið hefst.
- Inná Nóra-kerfinu eru skráningar allra félaga, skráningar í greinar og námskeið, ásamt **uppgjöri æfingagjalda** eða **ráðstöfun á frístundastyrk** viðkomandi sveitafélags.
- Það auðveldar öll samskipti milli félags og fjölskyldu/forráðamanna iðkanda.
- <https://ifsport.felog.is> slóð til þess að komast inn í skráningu og greiðslu æfingagjalda.

Ef nýta á **frístundastyrk** sveitafélags er skilyrði að notast við **íslykil** við innskráningu. Ef viðkomandi ætlar að nota frístundastyrk þarf hann að byrja á því að fá sér íslykil.

Hægt að nálgast hann hér:

<https://www.island.is/islykill>

Leiðbeiningar fyrir skráningu:

<https://greidslumidlun.is/media/1142/leidbeiningar-forradamanna.pdf>

Hægt að hafa samband við skrifstofu ef fólk vantar aðstoð:

Síma 555-0066

Eða sent okkur póst.

Nýtt email/póstfang Aspar:

Darri McMahon framkvæmdastjóri:

darrimcmahon@simnet.is

Ólafur Ólafsson formaður: ospin@simnet.is

Ekki er lengur notast við:

ospin@ospin.is

darri@ospin.is

Fréttir af Íþróttamanvirkjum Klettaskóla

Ösp er byrjuð með æfingar í Boccia og Nútíma fimleikum í íþróttasalnum. Boccia á þriðjudögum og fimmtudögum milli kl. 17:00- 18:30 og nútíma fimleikar eru á mánudögum og miðvikudögum kl. 17:00- 18:30 sundæfingar geta ekki hafist í sundlauginni fyr en í haust vegna aðgengis að byggingunum og sama á við um fótboltan sem átti að vera byrjaður í salnum en þar er ekki hægt að stunda fótbolta vegna viðkvæms búnaðar sem er í salnum



Þetta er svæðið sem notendur sundlaugar og íþóttahús verða að fara um og verður vonandi lagað í sumar